

Þingskjal 349 – 308. Mál

Áður hef ég tjáð mig um þingskjali 306 – 277. mál sem mér finnst yfirborðslegra og ekki eins ítarlega rökstutt og þingskjal sem hér til umfjöllunar. Mig langar að ítreka ég tel skynsamlegt að flutningsmenn tillagnanna sameinist og sjóði saman eina tillögu til að koma þessu brýna máli í gegnum þingið til að forða frekara tjóni en orðið hefur í gegnum árin.

Mér finnst mega leggja meiri þunga á að hér sé um varðveislu á þjóðararfi að ræða og það beri að umgangast verkefnið sem slíkt. Núverandi ástand er með öllu óviðunandi og nauðsynlegt að endurskoða löggjöfina þann ramma sem unnið er útfrá í dag. Menningarlegt mikilvægi verk- og alþýðumenningar er léttvægt í því lagaumhverfi sem minjavarslan vinnur eftir. Þessi veruleiki skerðir allan fjárhagslegan stuðning til verkefna og verða til þess að þjóðargersemar grotna niður í höndunum á okkur. Hægt er að benda fjölmörg dæmi þessu til stuðnings.

Undir málsgreininni um Byggðasafn Vestfjarða vil ég, þar sem málið er mér skylt, láta þess getið að:

Í Neðstakaupstað á Ísafirði stendur elsta húsaþyrping landsins. Þetta eru fjögur hús sem öll voru byggð af dönskum einokunarkaupmönnum á 18. öld. Í yngsta húsinu, Í Turnhúsi, hefur Byggðasafn Vestfjarða sett upp sýningu á sjóminjum þar sem sjá má fjölda gripa sem tengjast fiskveiðum og fiskvinnslu frá öndverðu til okkar daga.

Byggðasafn Vestfjarða hefur um árábil unnið markvisst að viðgerð báta sem eru í eigu safnsins. Þeir eru í dag ellefu talsins og er lögð áhersla á að varðveita þá á sjó ef hægt er að koma því við. Af þessum bátum eru fimm nú í haffæru standi. Safnið hefur markað sér nokkra sérstöðu með þeirri vinnu og hlaut íslensku safnaverðlaunin árið 2008 fyrir þá viðleitni. Með þessari vinnu við viðhald og endurbætur bátaflotans hefur jafnframt varðveist og þroskast töluverð verkunnátta sem er mikilvægur þáttur í að varðveita þá verkmenningu, sem snýr að íslenskum skipasmíðum fyrr á tímum.

Byggðasafn Vestfjarða og Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti sameinuðust um að standa að varðveislu á björgunarskútunni Maríu Júlíu árið 2003 og stofnuðu til þess áhugamannafélag. Saga Maríu Júlíu er táknmynd fyrir þá arfleið sem hér er til umfjöllunar, björgun, rannsóknir og gæsla auðlindarinnar.

Að endingu langar mig að þakka ykkur sem flytjið málið fyrir þessa tillögu. Ég vona innilega að svo brýnt mál sem þetta er fái brautargengi. Þessi arfur okkar hefur svo lengi verið afskiptalaus og úthýst að skömm er af fyrir þjóð sem byggir afkomu sína á þessari þekkingu - sennilega ekki síst nú þegar utanaðkomandi óáran herjar á okkur.

Virðingarfyllt,

Ísafirði, 15. mars 2020

Jón Sigurpálsson

Skógarbraut 1

Sími: 896 3291